

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi

- Tillaga til kynningar 17.mars 2025

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Stefna sveitarfélaganna á Austurlandi í úrgangsmálum	4
3.	Aðgerðaáætlun	6
4.	Bakgrunnur	10
5.	Aðferðafræði, forsendur og fyrirvarar	13
6.	Stefna og markmið stjórnvalda	14
7.	Staða úrgangsmála á Austurlandi 2024	17
8.	Hvað þarfnast úrbóta?	29
9.	Viðauki B – Umhverfismatsskýrsla	31
10.	Heimildir og gögn:	40

1. Inngangur

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Áætlunin skal hafa það að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5.gr.rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

Þær breytingar í lagaumhverfi úrgangsmála sem orðið hafa á síðustu misserum eiga það sameiginlegt að nú er lögð meiri áhersla en áður á að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem í úrganginum felast og koma í veg fyrir að þær tapist út úr hringrásinni. Þessi áhersla á rætur í svonefndum Hringrásarhagkerfispakka Evrópusambandsins, sem m.a. endurspeglar í umfangsmiklum breytingum á tilskipunum sambandsins á sviði úrgangsmála, sem samþykktar voru vorið 2018 og innleiddar að mestu í íslensk lög sumarið 2021.

Sveitarfélögin á Austurlandi hafa lengi átt í góðu samstarfi. Fundur sem Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir og haldinn var í byrjun maí 2022 á Hótel Héraði með fulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi undir yfirskriftinni „*Svæðisáætlun sem verkfæri í ákvörðunartöku*“ var sammála um að beina því til sveitarfélaga á Austurlandi að unnin yrði sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Austurland í heild.

Sú svæðisáætlun sem hér lítur dagsins ljós tekur mið af greiningu á stöðu úrgangsmála á Austurlandi haustið 2024. Þó miðast talnaefni við árið 2023 þar sem nýrri tölur voru ekki tiltækar. Þessi greining var lögð til grundvallar við mótun framtíðarstefnu sveitarfélaganna, markmiðasetningu og gerð aðgerðaráætlunar (sjá kafla 3). Einnig var stuðst við upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna, upplýsingar frá verktökum og aðrar heimildir.

Frá því að vinna við svæðisáætlunina hófst haustið 2022 hafa miklar breytingar átt sér stað í sveitarfélögunum sem um ræðir. Fjarðabyggð og Múlaþing eru komin vel á veg með þær breytingar sem fyrirsjáanlega þurfti að gera til að laga fyrirkomulag úrgangsmála að þeim breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi 1. janúar 2023, m.a. hvað varðar fyrirkomulag söfnunar, gjaldskrár og samninga við verktaka. Því verður vinna við framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun svæðisáætlunar í reynd komin af stað áður en áætlunin verður lögð fyrir sveitarstjórnir til staðfestingar.

Svæðisáætlunin nær til allra sveitarfélaga á Austurlandi. Í verkinu var lögð áhersla á að sveitarstjórnir tækju sem virkastan þátt í mótun stefnunnar, enda er hér um að ræða stefnumótun fyrir öll sveitarfélögin á svæðinu, sem öðlast ekki gildi fyrr en allar sveitarstjórnirnar hafa samþykkt hana. Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA/Austurbrú) aðstoðuðu við að útvega gögn og tengja sveitarfélögin á Austurlandi við verkið.

Sjálfst svæðisáætlunarskjalið er þannig byggt upp að fyrst er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Austurlandi kynnt. Þar á eftir koma kaflar um bakgrunn svæðisáætlunarvinnunnar, um

aðferðir sem beitt var við áætlunargerðina og um þau markmið stjórnvalda í úrgangsmálum sem snúa sérstaklega að sveitarfélögum. Þar á eftir kemur kafli með helstu atriðunum úr ítarlegri greiningu á stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum á Austurlandi haustið 2023, en stefnumótun byggir í raun á þeirri stöðu ásamt svæðisskipulagi Austurlands og skýrslu um kolefnisspor Austurlands sem gefin var út sumarið 2024. Aftast í skjalinu eru síðan heimildaskrá og viðaukar.

Tillaga til kynningar

2. Stefna sveitarfélaganna á Austurlandi í úrgangsmálum

Sveitarfélögin á Austurlandi hafa komið sér saman um eftirfarandi megináherslur í úrgangsmálum á gildistíma svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, þ.e. til ársins 2035. Lögð voru drög að stefnunni og aðgerðaáætlun sveitarfélaganna (sjá kafla 3) á fundi fulltrúa sveitarfélaganna með fulltrúum Austurbrúar 15. janúar 2025.

1. Sveitarfélög á Austurlandi stefna að virku hringrásarhagkerfi í landshlutanum, með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu, auka aðra endurnýtingu og lágmarka förgun, þannig að magn þess úrgangs sem ekki nýtist í hagkerfinu verði eins lítið og mögulegt er, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra takmarkana.
2. Sveitarfélögin munu beita hagrænum hvötum í úrgangsmálum, með hagsmunum náttúrunnar og komandi kynslóða að leiðarljósi.
3. Sveitarfélögin leggja áherslu á að lágmarka flutninga, m.a. með því að stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, enda leiði það til bestu mögulegu nýtingar auðlinda og lágmarkunar kolefnisspors.
4. Sveitarfélögin leggja sérstaka áherslu á að lífrænn úrgangur sem til fellur á Austurlandi fari ekki til spillis.
5. Sveitarfélögin vilja halda áfram góðu samstarfi sín á milli hvað varðar úrgangspjónustu og sameiginlega hagsmunagæslu, m.a. hvað varðar búsetujafnrétti og jöfnun flutningskostnaðar.

Frekari útfærslu á stefnu sveitarfélaga á Austurlandi í úrgangsmálum má sjá í kafla 3, þar sem lýst er þeim aðgerðum sem sveitarfélögin hyggjast ráðast í til að fylgja eftir sameiginlegri stefnu sinni og ná markmiðum stefnu stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Eldri svæðisáætlun og stefnur

Árið 2006 kom út svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin 11 sem þá voru á Austurlandi, frá Skeggjastaðahreppi í norðri til Breiðdalshrepps í suðri. Gildistími áætlunarinnar var frá 2005 til ársins 2020. Áætlunin var unnin af Environice. Jafnframt kom út árið 2008 skýrsla sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi lét vinna um stöðu úrgangsmála á Austurlandi, áætlað sorpmagn og tillögur að aðgerðum til að lágmarka urðun.

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 var staðfest þann 12. október 2022 og öðlaðist gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 27. október 2022. Í svæðisskipulaginu er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna í landshlutanum í þeim málefnum þar sem hagsmunir þeirra fara saman. Tilgangur svæðisskipulagsgerðar fyrir Austurland er að marka sameiginlega langtíma framtíðarsýn og meginstefnu sveitarfélaganna fjögurra á Austurlandi í umhverfis- og byggðamálum.

Í svæðisskipulagi Austurlands eru nokkur atriði sem snúa að úrgangsmálum og endurspeglar framtíðarsýn sveitarfélaganna í málaflokknum.

1. „Unnið verði að því að auka endurvinnslu og endurnýtingu og draga úr urðun úrgangs, einkum lífræns“.

2. *Stuðlað verði að þróun starfsemi sem miðar að því að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur“.*
3. *Hvatt verði til minni matarsóunar við framleiðslu, vinnslu og neyslu matar með vitundarvakningu og fræðslu“.*
4. *Unnið verði að því að bæta möguleika til jarðgerðar úr matarúrgangi. Hvatt verði til þróunar orkuframleiðslu úr úrgangi sem til fellur við framleiðslu, vinnslu og neyslu matar“.*
5. *„Greindir verði aðrir nýtingarmöguleikar úrgangs sem til verður í matvællakerfinu“.*

Í svæðisskipulaginu kemur einnig fram að samvinna sveitarfélaga á Austurlandi í úrgangsmálum sé mikilvæg, „bæði hvað varðar að draga úr úrgangsmyndum og stuðla að flokkun og endurnýtingu á svæðinu“.

3. Aðgerðaáætlun

Aðgerðaráætlunin sem hér birtist nær til eftirtalinna málaflokka:

- A. Samstarf og eftirfylgni
- B. Úrgangsforvarnir
- C. Söfnun og flokkun úrgangs
- D. Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur
- E. Uppbygging innviða
- F. Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður
- G. Samningar við verktaka
- H. Útgáfa og kynning

Í aðgerðaráætluninni eru samtals að finna 20 aðgerðir, auk umfjöllunar um vöktun, eftirlit og endurskoðun. Hverri aðgerð um sig er lýst í stuttu máli, tilgreint hver skuli hafa umsjón með framkvæmd hennar og hvenær henni skuli lokið.

3.1 Aðgerðir

Nr.	Heiti aðgerðar	Ábyrgðaraðili	Lokadagsetning
	A. Samstarf og eftirfylgni		
1	Úrgangsráð Austurlands: Stofnun sameiginlegs fasts vinnuhóps um úrgang („Úrgangsráð Austurlands“) sem hefur það verkefni að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélögin á Austurlandi.	SSA í samráði við einstök sveitarfélög.	2025
2	Hringrásarfulltrúi: Ráðning í fasta (hluta)stöðu hringrásarfulltrúa Austurlands, sem jafnframt verður verkefnisstjóri Úrgangsráðs Austurlands og tengiliður við sveitarfélög vegna úrgangsmála	SSA	2025
3	Sameiginlegar styrkumsóknir: Sameiginlegar umsóknir um styrki til úrbóta í úrgangsmálum á Austurlandi	Úrgangsráð Austurlands, hringrásarfulltrúi og SSA.	2026
	B. Úrgangsforvarnir		
4	Kynningarátak um hringrásarhagkerfið: Fræðsla á vefsíðum sveitarfélaga með sérstakri áherslu á það sem fólk getur gert til að lágmarka myndun úrgangs. Jafnframt verði fjallað um takmarkaðar auðlindir, matarsóun, fatasóun, nægjusemi, fæðuöryggi, jarðvegseyðingu og tengsl úrgangsmála við eigin fjárhag. Samfélagsmiðlar verða nýttir til að deila upplýsingum um hringrásarhagkerfið ásamt gögnum frá Umhverfis- og orkustofnun.	Austurbrú og hringrásarfulltrúi í samstarfi við einstök sveitarfélög og Umhverfis- og orkustofnun.	2026

5	Stuðningur við úrgangsforvarnir: Styðja við verkefni á sviði úrgangsforvarna með því að hvetja til reksturs nytjamarkaða, efnislagera og viðhaldssmiðja.	Einstök sveitarfélög í samstarfi við hringrásarfulltrúa.	2025-2027
C. Söfnun og flokkun úrgangs			
6	Fyrirkomulag söfnunar: Gerð verði greining á fyrirkomulagi söfnunar úrgangs á Austurlandi og lagt mat á með hvaða hætti best væri að haga söfnun úrgangs í fjórðungnum þannig að lágmarka mætti sóun í kerfinu og stuðla að bættri meðhöndlun þess hráefnis sem fellur til við söfnun úrgangs.	Sveitarfélögin í samstarfi við SSA	2026
7	Samræming flokkunarkerfa: Leitast við að samræma fyrirkomulag söfnunar og flokkunar úrgangs á öllu Austurlandi, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað.	Úrgangsráð Austurlands og hringrásarfulltrúi.	2026
8	Heimajarðgerð: Greining á möguleikum sveitarfélaga til að stuðla að aukinni heimajarðgerð, þ.m.t. með ákvæðum í samþykktum um meðhöndlun úrgangs og með sveigjanleika í gjaldskrá og/eða með beinum styrkjum.	Úrgangsráð Austurlands og hringrásarfulltrúi.	2026
9	Fjölgun grenndarstöðva: Uppsetning grenndarstöðva til söfnunar á a.m.k. glerumbúðum, málmum og textíl.	Einstök sveitarfélög í samstarfi við hringrásarfulltrúa.	2025-2027
10	Bætt meðhöndlun textílefna: Komið upp samræmdu kerfi fyrir söfnun og ráðstöfun textílefna í anda hringrásarhagkerfisins.	Hringrásarfulltrúi og Úrgangsráð Austurlands í samvinnu við einstök sveitarfélög, verktaka og Rauða Krossinn (RKÍ).	2026
D. Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur			
11	Aðgerðir á aflögðum förgunarstöðum: Skráning aflagðra mengaðra förgunarstaða í skipulagsáætlanir sveitarfélaga og samstarf um áætlanir til úrbóta.	Einstök sveitarfélög í samstarfi við hringrásarfulltrúa, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfis- og orkustofnun, úrgangshafa og landeigendur.	2026
12	Bætt nýting garðaúrgangs: Greining á núverandi ráðstöfun garðaúrgangs og tillögur að leiðum til betri nýtingar (endurvinnsla í stað förgunar) svo sem til landgræðslu.	Hringrásarfulltrúi, Austurbrú, Úrgangsráð Austurlands og einstök sveitarfélög.	2026
E. Uppbygging innviða			
13	Seyrustöð:		2026

	Greining á möguleikum á uppbyggingu stöðvar á Austurlandi fyrir móttöku og endurnýtingu seyr.	Hringrásarfulltrúi, Austurbrú og Úrgangsráð Austurlands.	
14	Sorporkuver á Austurlandi: Ítarlegri greining á möguleikum á uppbyggingu sorporkuvers á Austurlandi fyrir úrgang sem þar fellur til og ekki tekst að koma til endurvinnslu .	Úrgangsráð Austurlands. og Austurbrú.	2027
15	Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang: Greining á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum þess og göllum að koma upp litlum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang (steypubrot, keramik, moldarlausan jarðveg og annað sem ekki tekur breytingum eðlisfræðilega eða efnafræðilega) með það að leiðarljósi að slíkur úrgangur verði ekki fluttur um langan veg milli byggðarlaga og verði ekki urðaður á urðunarstöðum fyrir blandaðan úrgang. Hluti af þessari greiningu verður að kortleggja svokallaða jarðvegstippa sem starfræktir eru á nokkrum stöðum með eða án starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd, með sérstakri áherslu á þær skilgreiningar úrgangsflokka sem liggja að baki starfsleyfum.	Úrgangsráð Austurlands og Austurbrú.	2026
F. Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður			
16	Endurskoðun samþykktar: Heildarendurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélög á Austurlandi með það að leiðarljósi að samþykktirnar endurspegli áherslur hringrásarhagkerfisins um bættu nýtingu auðlinda, feli í sér skýr ákvæði um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og myndi grunn fyrir gjaldskrár í anda meginreglunnar um BÞHE.	Austurbrú og Úrgangsráð Austurlands í samstarfi við einstök sveitarfélög.	2025
17	Endurskoðun gjaldskrá: Heildarendurskoðun gjaldskráa um meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélög á Austurlandi.	Austurbrú og Úrgangsráð Austurlands í samstarfi við einstök sveitarfélög.	2025
G. Samningar við verktaka			
18	Hagkvæmnisathugun á rekstrarformi: Greining á kostum og göllum mismunandi rekstrarforma, þ.m.t. á mögulegri stofnun byggðasamlags um fleiri eða færri þætti úrgangsmála, samanborið við óbreytt fyrirkomulag.	Austurbrú og Úrgangsráð Austurlands.	2026
19	Samstarf um útboð o.fl.: Sameiginleg útboð þar sem það á við og samræming krafna, þ.m.t. um framsetningu á reikningum og annarri upplýsingagjöf verktaka til sveitarfélaga.	Austurbrú í samvinnu við einstök sveitarfélög og Úrgangsráð Austurlands.	2027
H. Útgáfa og kynning			

20	Bætt birting upplýsinga á heimasíðum: Regluleg birting tölulegra upplýsinga um söfnun úrgangs, afdrif og kostnaðarskiptingu.	Einstök sveitarfélög í samvinnu við hringrásarfulltrúa.	2025-2027
----	---	---	-----------

3.2 Vöktun, eftirlit og endurskoðun

Gert er ráð fyrir að Austurbrú annist vöktun og eftirlit með framkvæmd svæðisáætlunarinnar. Vöktunin einskorðast við eftirfylgni aðgerða á aðgerðaáætlun (sbr. kafla 3.1) og verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar. Þetta felur í sér að fylgst verður með að aðgerðum verði hrint í framkvæmd á tilsettum tíma og að þau skili tilsettum árangri eða afurð. Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verði nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu.

Rétt er að undirstrika að það eftirlit sem hér um ræðir snýst aðeins um aðgerðaáætlunina sem slíka en ekki um þá þætti sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa eftirlit með samkvæmt lögum. Einnig er ljóst að eftirlitsaðilinn getur ekki borið ábyrgð á framkvæmd verkefna, heldur aðeins fylgst með því að unnið sé samkvæmt svæðisáætluninni.

Í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, skulu sveitarstjórnir á svæðinu eigi sjaldnar en á sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlunina. Fyrstu ákvörðun um þetta þarf því að taka í síðasta lagi haustið 2030. Þessu atriði verður fylgt eftir með sama hætti og aðgerðum í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að miklar breytingar geta orðið á forsendum á sex ára tímabili og því er æskilegt að þörfin fyrir endurskoðun sé rædd árlega eða annað hvort ár. Sama gildir ef í ljós kemur að áformaðar aðgerðir nægi ekki til að ná markmiðum stjórnvalda, svo sem um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs og samdrátt í urðun heimilisúrgangs.

Ákvörðun sveitarstjórna um þörfina fyrir endurskoðun samkvæmt framanskráðu mun m.a. byggja á samantekt sem gerð verður á árangri áætlunarinnar. Í þessari samantekt munu koma fram helstu magntölur, yfirlit yfir framvindu aðgerða, samanburður árangurs við markmið áætlunarinnar og spá um líklega framtíðarþróun á næstu árum. Í þessari samantekt felst í raun vöktun á því hvort markmið hafi náðst.

4. Bakgrunnur

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, með síðari breytingum og stefna ráðherra um meðhöndlun úrgangs mynda þann grunn sem svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs byggja á, sjá nánari skýringar í undirköflunum hér að neðan.

4.1 Lög um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Áætlunin skal hafa það að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

4.2 Reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023 er sem fyrr segir að finna nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar. Skv. reglugerðinni skal svæðisáætlun m.a. innihalda eftirfarandi atriði:

- Upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu, förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs, stefnu um úrgangsforvarnir og settum tölulegum markmiðum varðandi heimilisúrgang og lífrænan úrgang.
- Umfjöllun um úrgangsforvarnir, s.s. um leiðir til að auka endurnotkun á svæðinu.
- Markmið hvað varðar samdrátt í myndun úrgangs og meðhöndlun úrgangs sem fellur til, einkum heimilisúrgangs sem fer til förgunar eða er nýttur til orkuvinnslu.

Við gerð svæðisáætlana skal, skv. reglugerðinni, nota efnahagsleg stjórnþætti og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsriðunar við meðhöndlun úrgangs sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Auk þess sem hér hefur verið talið skal a.m.k. eftirfarandi koma fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem áætlunin tekur til:

- Yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði alls þess úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, þ.m.t. úrgang frá lögaðilum, hvort sem hann fellur til með reglubundnum hætti eða sjaldnar, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni,
- Umfjöllun um stöðvar til endurnýtingar eða förgunar sem eru til staðar, þ.m.t. ef við á sérstakt fyrirkomulag vegna olíuúrgangs, spilliefna, úrgangs sem inniheldur verulegt

magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum,

- c. Mat á gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs, umfjöllun um sérstaka söfnun úrgangs þ.m.t. hvaða úrgangsflokkum er safnað í sérstakri söfnun og hvar innan svæðisins, ráðstafanir til að bæta virkni þess, hvort sveitarstjórn hafi fengið undanþágu frá skyldu til sérstakrar söfnunar og mat á þörfinni fyrir endurbætur á kerfinu,
- d. Mat á nauðsyn þess að loka starfandi móttöku- og söfnunarstöðvum sem og þörf á nýjum móttöku- og söfnunarstöðvum, auk mats á fjárfestingaþörf vegna þeirrar innviðauppbýggingar,
- e. Upplýsingar um hagkvæmt staðarval fyrir stöðvar til endurnýtingar eða förgunar í framtíðinni, sé þörf á þeim,
- f. Almenn stefna varðandi meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til meðhöndlunar úrgangs, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun, og
- g. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess.

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal gera grein fyrir því hvort tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og samdrátt í urðun heimilisúrgangs, sbr. 7. gr., sé náð á þeirra svæði. Þá skal gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélagið greip til í þeim tilgangi. Ef markmiðum hefur ekki verið náð skal í svæðisáætlun gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélag hyggst grípa til svo þeim verði náð.

Með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs skipulagssvæðisins geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs tekið til eftirfarandi:

- a. Skipulagsþátta, sem tengjast meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. lýsingu á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með meðhöndlun úrgangs,
- b. Beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings, lögaðila og annarra handhafa úrgangs, og
- c. Aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

4.3 Stefna stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs gefur ráðherra út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Þessi stefna kom út í júní 2021 undir yfirskriftinni *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*. Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2017 var felld inn í þessa stefnu. Eins og fram hefur komið þarf svæðisáætlun að innihalda upplýsingar um það hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í kafla 4 er gerð grein fyrir þeim markmiðum stefnunnar sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist.

4.4 Önnur lög, reglugerðir og stefnumótun

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög „taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags“. Ekki er tilgreint sérstaklega í reglugerðinni að gera skuli grein fyrir þessum

svæðum í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, en eins og fram kemur í kafla 4.2 hér að framan geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs m.a. tekið til aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá. Umfjöllun um þessa staði í svæðisáætlun er til þess fallin að setja málið á dagskrá og auka líkur á að staðirnir verði ekki útundan við gerð skipulagsáætlana. Því var ákveðið að stöðugreining svæðisáætlunarinnar næði eftir föngum til svæða af þessu tagi.

Tillaga til kynningar

5. Aðferðafræði, forsendur og fyrirvarar

Svæðisáætlunin sem hér birtist er unnin með hliðsjón af ákvæðum 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæðum 5.gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 83/2023, en þar er eins og áður hefur verið nefnt að finna ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar.

Vinnan við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs snýst aðallega um tvennt. Annars vegar þarf að afla sem traustastra upplýsinga um núverandi stöðu úrgangsmála á því svæði sem áætlunin nær til og um þau áform sem þegar eru uppi um breytingar.

Hins vegar þarf að móta stefnu sem miðar að því að breyta stöðunni á þann veg að hún samræmist markmiðum stjórnvalda á landsvísu og markmiðum sveitarstjórnanna sem í hlut eiga. Upplýsingar um núverandi stöðu eru grunnurinn sem stefnumótunin byggir á, en stefnumótunin sjálf er sá hluti áætlunarinnar sem mestu máli skiptir.

5.1 Söfnun tölulegra upplýsinga

Söfnun tölulegra upplýsinga um stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum eða landshlutum er ýmsum annmörkum háð, þar sem enn vantar nokkuð upp á að samræmd og svæðaskipt úrgangstölfræði sé aðgengileg og gagnleg til þessara nota.

Umhverfis- og orkustofnun ber ábyrgð á söfnun tölulegra gagna um úrgangsmál og skiptingu magntalna niður á sveitarfélög. Enn sem komið er felur talnasafn stofnunarinnar ekki í sér fullnægjandi skiptingu úrgangs eftir flokkum, auk þess sem tölur fyrir tiltekið ár birtast ekki fyrir en rúmu ári síðar. Þrátt fyrir þess annmarka var ákveðið að byggja tölfræðihluta stöðugreiningarinnar á bráðabirgðatölum Umhverfis- og orkustofnunar fyrir sveitarfélög á Austurlandi 2023.

6. Stefna og markmið stjórnvalda

6.1 Töluleg markmið um heimilisúrgang

Í 7. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, og í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum er að finna ýmis markmið sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist. Nokkur þessara markmiða eru:

- Endurvinnsla heimilisúrgangs
 - 50%
 - 55% árið 2025
 - 60% árið 2030
 - 65% árið 2035
- Urðun heimilisúrgangs
 - 10% árið 2035

Markmið stjórnvalda um endurvinnsluhlutföll snúa einnig að einstökum úrgangsflokkum, en í þeim efnum liggur ábyrgðin að miklu leyti á herðum Úrvinnslusjóðs. Hér er sjónum því einkum beint að heimilisúrganginum.

Heimilisúrgangur er skilgreindur í 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003:

- Blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn.*
- Blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,*
- en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.*

6.2 Önnur töluleg markmið

Auk þeirra markmiða um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs sem fjallað er um í kafla 6.1, hafa stjórnvöld sett töluleg markmið sem leggja tilteknar skyldur á sveitarstjórnir hvað varðar urðun lífræns úrgangs og endurnýtingu byggingar og niðurrifsúrgangs:

- Urðun lífræns úrgangs (sbr. 7. gr. rgl. nr. 803/2023)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (heimilisúrgangur) (2020)
(Hámark 25.244 tonn á landsvísu)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (rekstrarúrgangur) (2020)
(Hámark 58.905 tonn á landsvísu)
- Urðun lífræns úrgangs (sbr. stefnu ráðherra (Aðgerð 16))
 - Bann
- Byggingar- og niðurrifsúrgangur
 - 70% efnisendurnýting (2020)

Markmiðin um hámarksurðun lífræns úrgangs eru gömul að grunni til og hafa að vissu leyti verið leyst af hólmi með öðrum markmiðum. Engu að síður er þau enn að finna í löggjöf um

úrgangsmál. Þarna er um að ræða markmið um að árið 2020 skuli lífrænn úrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna úrgangs sem féll til 1995, annars vegar fyrir heimilisúrgang og hins vegar rekstrarúrgang. Í reynd er ógjörningur fyrir einstök sveitarfélög eða svæði að ganga úr skugga um hvort þetta markmið hafi náðst, bæði vegna þess að upplýsingar um raunverulegt magn 1995 eru óreiðanlegar og vegna þess að ekki er hægt að lesa núverandi magn (eða magnið 2020 sem var eindagi markmiðsins) út úr úrgangstölfræðinni eins og hún er sett fram. Þetta gerir útreikninga og samanburð enn ómarkvissari en ella. Með hliðsjón af þessu var ákveðið við gerð þessarar svæðisáætlunar að reyna ekki að leggja mat á hvort umrædd markmið hafi náðst. Vandséð er að frekari úrvinnsla hvað þetta varðar komi að nokkru gagni í því starfi sem framundan er í úrgangsmálum sveitarfélaga.

Samkvæmt síðara markmiðinu sem hér er til umfjöllunar áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi að fara til efnisendurnýtingar 2020. Í minnisblaði sem Environice vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga 2022 var komist að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórnir beri ekki ábyrgð á að þessu markmiði verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta feli í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málml, gler, plast og gifs, (sbr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003). Á sveitarstjórnnum hvílir einnig sú skylda að ákveða fyrirkomulag söfnunar og þær geta sett sérstök ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs um skyldu lögaðila til að flokka úrganginn sem um ræðir. Ákvæði um þá skyldu er reyndar þegar að finna í byggingarreglugerð, þar sem fram kemur að úrgangurinn skuli flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.

6.3 Rusl á víðavangi

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, kemur fram að eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til skuli koma fram í áætluninni „*ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess*“ (sjá framar) og samkvæmt 14. gr. sömu reglugerðar skal sveitarstjórn „*sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum*“.

Í 8. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, kemur fram að í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda plastvara og veiðarfæra felist að þeir skuli fjármagna söfnun þessara vara „*þegar þær eru orðnar að úrgangi, fjármagna upplýsingagjöf og fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi, sbr. 37. gr. h laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998*“.

Á stjórnarfundi Úrvinnslusjóðs 14. apríl 2023 var samþykkt fyrirkomulag greiðslna úr sjóðnum fyrir slíka söfnun á víðavangi. Samkvæmt þessu verða greiddar 262 kr/kg fyrir einnota plastvörur sem bera úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóði ber að greiða af vegna söfnunar á víðavangi, þ.m.t. úrgangur úr ruslabiðum sem stjórnvöld hafa komið fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang. Ekki er gerð krafa um að efni verði sérgreint frá öðru efni sem safnast á víðavangi heldur er gengið út frá því að hlutfall einnota plastvara af heildarsöfnun úrgangs sem safnast sé 5%. Greiðslur eru bundnar við hreinsun á vegum sveitarfélaga og annarra opinberra aðila eða hreinsun sem gerð er í umboði þeirra.

Greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun rusls á víðavangi verða útfærðar með þeim hætti að tiltekið framlag verður greitt til allra sveitarfélaga fyrir árin 2023 og 2024, nánar tiltekið 131 kr./íbúa fyrir

hvort ár. Í reynd er þá gert ráð fyrir að hver íbúi hendi að meðaltali 10 kg og að þar af beri sjóðnum að greiða fyrir 0,5 kg. Sækja þurfti um þessar greiðslur fyrir árslok 2024 og leggja fram skjöl til staðfestingar á kostnaði t.d. „í formi kvittunar fyrir móttöku og greiðslu fyrir hreinsun úr ruslabiðum, launagreiðslur vegna unglingavinnu, styrkir til aðila í plokki eða annað á móta“.

Ljóst er að aðferðir og umfang hreinsunar á rusli á víðavangi ræðst mjög af aðstæðum á hverjum stað. Svæðisáætlunin sem hér um ræðir nær til fjögurra sveitarfélaga sem eru ólík að stærð og íbúafjölda. Flest ná þau þó yfir víðáttumikil strandsvæði og hafa sveitarfélögin staðið fyrir hreinsunarátökum, þar sem rusl sem safnast saman hefur verið tínt. Nýtilkomnar greiðslur úr Úrvinnslusjóði eru til þess fallnar að auðvelda þessa starfsemi, en duga þó skammt.

6.4 Þýðingarmikil hráefni

Eins og fram kemur í kafla 4.2 skal, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til, m.a. fjalla um í svæðisáætlun um sérstakt fyrirkomulag vegna úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum.

Hugtakið *þýðingarmikil hráefni* (e. critical raw materials) er ekki skilgreint í íslenskri löggjöf, að öðru leyti en því sem fram kemur í 3. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs þar sem hugtakið er skilgreint sem „*hráefni sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir þýðingarmikil hráefni*“.

Þýðingarmikil hráefni eru skilgreind í Viðauka II við Evrópureglugerð um þessi hráefni frá því í apríl 2024, en í viðaukanum er birt 5. útgáfa af lista yfir efnin. Fyrsta útgáfan birtist 2011 og hefur síðan verið uppfærð á þriggja ára fresti. Vitað er að nokkur þessara hráefna koma við sögu í meðhöndlun úrgangs á Íslandi, svo sem antímon, beryllíum, kóbalt, lípíum, magnesíum, kísilmálmur, platína, títan og vanadíum. En þessi efni er væntanlega einkum að finna í eldvarnarefnum, blýrafgeymum, raftækjum og rafeindatækjum (þ.m.t. lækningatækjum), rafhlöðum, hálfleiðurum, hvarfakútum, efnahvötum, gleri, keramik, tilbúnum áburði og hergögnum, svo eitthvað sé nefnt.

Sveitarfélögum er augljóslega vandi á höndum þegar kemur að umfjöllun um þýðingarmikil hráefni í svæðisáætlun, annars vegar vegna þess að þau hafa engin lagaákvæði né leiðbeiningar til að styðjast við og hins vegar vegna þess að árangur af endurheimt þessara efna ræðst öllu öðru fremur í námuvinnslu, á framleiðslustað þess varnings sem efnin eru notuð í og á stöðum þar sem unnið er að endurvinnslu slíks varnings (svo sem málmendurvinnslu og endurvinnslu á rafhlöðum og öðrum rafbúnaði).

Hlutverk sveitarfélaga hlýtur einkum að lúta að því að tryggja að varningur sem inniheldur þessi efni eigi greiðan farveg í endurvinnslu í stað þess að vera fargað á urðunarstöðum eða með öðrum hætti. Þetta á væntanlega einkum við um málma og raftækjaúrgang.

Með hliðsjón af framanskráðu verður ekki fjallað nánar um þýðingarmikil hráefni í þessari svæðisáætlun, heldur aðeins vísað í almenna umfjöllun áætlunarinnar um úrgangsforvarnir og bættu aðstöðu til söfnunar og flokkunar úrgangs.

7. Staða úrgangsmála á Austurlandi 2024

Fjórir staðir á Austurlandi hafa starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun til meðhöndlunar úrgangs:

1. Fjarðabyggð rekur urðunarstað í landi Þernuness við Reyðarfjörð. Að Þernunesi er heimilt að taka á móti allt að 3.000 tonnum á ári til urðunar. Starfsleyfi gildir til 6. febrúar 2036.
2. Múlaþing rekur urðunarstað í landi Tjarnarlands á Fljótsdalshéraði. Þar er heimilt að taka á móti allt að 2.500 tonnum til urðunar á ári. Starfsleyfi gildir til 8. júlí 2031.
3. Vopnafjarðarhreppur rekur urðunarstað að Búðaröxl við Vopnafjörð. Heimilt er að urða allt að 1.000 tonnum á ári að Búðaröxl. Starfsleyfi gildir til 16. desember 2031.
4. Múlaþing rekur urðunarstað við Brandsbala í Borgarfirði. Heimilt er að taka þar á móti allt að 200 tonnum á ári og starfsleyfi gildir til 20. mars. 2036.

Á Austurlandi eru tveir aflagðir urðunarstaðir sem vaktaðir eru í samræmi við fyrirmæli Umhverfis- og orkustofnunar um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða:

1. Aflagður urðunarstaður á Heydalamelum í Breiðdal. Fyrirmæli um frágang og vöktun gilda til 20. október 2050.
2. Urðunarstaður fyrir urðun á lífrænum úrgangi frá fiskeldi í landi Rima í Mjóafirði. Fyrirmæli um frágang og vöktun gilda til 5. júní 2050.

Þessu til viðbótar er vitað um nokkra óvaktaða staði á Austurlandi þar sem úrgangi hefur verið fargað. Eftirfarandi upptalning byggir á upplýsingum sem fram komu við gerð svæðisáætlunar og er væntanlega ekki tæmandi:

1. Við Fossvelli í Jökulsárhlíð á Fljótsdalshéraði var urðaður sláturúrgangur.
2. Gamall urðunarstaður er í landi Hafrafells í Fellum.
3. Gamall urðunarstaður er að Háaurum við Djúpavog en þar var eitthvað af járnarusli og bílhræjum grafið.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hefur garðaúrgangur verið afsettur á nokkrum stöðum á Austurlandi, án þess að sótt hafi verið um starfsleyfi eða komið á kerfi til eftirlits. Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, er óheimilt er losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma, þó með þeim undantekningum að heimilt er að losa lífúrgang í heimajarðgerð. Einnig er heimilt að brenna úrgang á skipulögðum brennum, svo sem áramótabrennum, sem hefur verið veitt starfsleyfi fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun hefur útbúið sérstaka kortasjá um mengaðan jarðveg þar sem m.a. má sjá aflagða urðunarstaði og miltisbrandsgrafir. Þessi kortasjá getur nýst sveitarstjórnnum í skipulagsvinnu og jafnframt er mikilvægt að sveitarstjórnir aðstoði við uppfærslu hennar ef fram koma upplýsingar sem þar er ekki að finna. Í aðgerðaáætlun um úrgangsmál á Austurlandi er gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög leiti leiða til úrbóta á menguðum förgunarstöðum, m.a. í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfis- og orkustofnun, úrgangshafa og landeigendur.

Á Austurlandi er vitað um a.m.k. 34 miltisbrandsgrafir og eru þær merktar inn á fyrrnefnda kortasjá. Einnig eru þekktar þó nokkrar grafir þar sem fé sem skorið var niður vegna riðu hefur verið grafið. Gerð er nánari grein fyrir þessum gröfum í köflum um stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Ljóst er að forsendur fyrir meðhöndlun útgangs eiga eftir að breytast umtalsvert á næstu árum með breyttum lagaákvæðum og mögulega einnig breytingum á neyslu. Jafnframt er þess að vænta að magn blandaðs úrgangs eigi eftir að minnka umtalsvert vegna krafna um aukna endurvinnslu og endalok urðunar sem ráðstöfunarleiðar. Það leiðir til þess að finna þarf aðrar leiðir til afsetningar á þeim blandaða úrgangi sem falla mun til þrátt fyrir breyttar áherslur. Þetta kallar á að byggðar verði upp sorporkustöðvar sem framleiða raforku og varmaorku úr þessum úrgangi, en slík ráðstöfun úrgangs telst endurnýting en ekki förgun í skilningi laga. Vilji er til að kanna hagkvæmni uppsetningar slíkrar stöðvar á Austurlandi, enda myndi orka frá slíkri brennslu geta nýst sem varmaorka á köldum svæðum og/eða í tengslum við hugmyndir um Grænan orkugarð, sem nú eru til skoðunar. Hins vegar bendir margt til að vegna stærðarhagkvæmni kunni að vera fýsilegast að byggja upp eina slíka stöð fyrir landið allt, eða jafnvel að flytja úrgang utan til brennslu. Kanna þarf betur hagkvæmni útflutnings á þessum úrgangi og mögulega nýtast hér góðar tengingar Austurlands við Evrópu. Hér er einnig rétt að hafa í huga að sú orka sem framleidd er í sorporkustöðvum t.d. á meginlandi Evrópu kemur að miklu leyti í stað orku sem nú er framleidd með kolum. Sú er ekki raunin á Íslandi almennt, þar sem nær öll raforkuframleiðsla byggir á endurnýjanlegum orkugjöfum. Af þessu leiðir að orkuvinnsla úr úrgangi erlendis leiðir til mun meiri lækkunar á samanlögðu kolefnisspori en sambærileg vinnsla á Íslandi. Flutningar milli landa breyta þeirri mynd ekki svo neinu nemi. Í desember 2021 kom út yfirlagsmikil skýrsla starfshóps sem falið hafði verið að leggja mat í fýsileika þess að reisa sorporkustöð á Íslandi. Meginniðurstaða skýrslunnar var að hagkvæmt gæti verið að reisa eina stöð sem þjónar landinu öllu, væntanlega þá í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

Hagkvæmt kann að vera að koma upp miðlægri aðstöðu til jarðgerðar eða annarrar úrvinnslu á lífrænum úrgangi í smáum stíl á Austurlandi (<1.000 tonn/ár) í stað þess að flytja hann allan út úr fjórðungnum. Að vísu má ætla að úrvinnsla í stærri stöð sé hagkvæmari að öðru jöfnu, en við skoðun valkosta þarf að taka tillit til flutningskostnaðar sem er óhjákvæmilega verulegur þegar um er að ræða flutninga á milli Austurlands og annarra landshluta. Jafnframt er mikilvægt að bæta aðstöðu til meðhöndlunar og nýtingar seyru á Austurlandi, enda eru í seyru verðmæti, bæði vegna lífrænu efnanna sem þar er að finna og áburðarefna, einkum fosfórs.

Hagkvæmt kann að vera að huga að bættri aðstöðu á Austurlandi til urðunar á óvirkum úrgangi sérstaklega, en alla jafna eru gerðar mun minni kröfur til mengunarvarna við urðunarstaði sem eingöngu taka á móti óvirkum úrgangi. Þannig má mögulega draga úr kostnaði, annars vegar flutningskostnaði og hins vegar kostnaði vegna urðunar, þar sem móttökugjöld á urðunarstöðum sem eingöngu taka á móti óvirkum úrgangi ættu alla jafna að vera mun lægri en á sérhæfðum stöðum fyrir blandaðan úrgang.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun úrgangs sem féll til á Austurlandi 2023, skv. bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun. Taflan sýnir einnig stöðuna gagnvart lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs. Sambærilegar töflur fyrir einstök sveitarfélög er að finna í köflum um stöðu úrgangsmála í hverju

þeirra. Rétt er að taka fram að tölur frá álverinu á Reyðarfirði eru inni í heildartölunni fyrir rekstrarúrgang, enda þótt úrgangur þaðan komi að litlu leyti til kasta sveitarfélaganna.

Tafla 1. Úrgangstölfræði Austurlands 2023.

Úrgangur á Austurlandi 2023 samtals		70.406.181	kg
Heimilisúrgangur samtals		5.898.111	
- þar af endurunnið	1.418.617	24,05%	
- þar af til orkunýtingar	231.922	3,93%	
- þar af til fyllingar	0	0,00%	
- þar af til annarrar endurnýtingar	3.232	0,05%	
- þar af til brennslu (förgunar)	0	0,00%	
- þar af til urðunar	4.244.340	71,96%	
		100,00%	
Byggingar- og niðurrifsúrgangur samtals		1.263.470	
- þar af til efnisendurnýtingar	4.180	0,33%	
Jarðefni		19.000	
Annar rekstrarúrgangur samtals		63.225.600	
- þar af frá Alcoa (áætlað)	59.288.294		
- þar af frá öðrum en Alcoa (áætlað)	3.937.306		
Úrgangur samtals (til afstemmingar)		70.406.181	kg
- þar af frá Alcoa (áætlað)	59.288.294		
- þar af frá öðrum en Alcoa (áætlað)	11.117.887		

7.1 Meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð:

Sveitarfélagið Fjarðabyggð varð til við samruna alls 14 sveitarfélaga sem fram fór í nokkrum áföngum á árunum 1988 til 2018. Byggðakjarnar Fjarðabyggðar eru:

- Breiðdalsvík
- Stöðvarfjörður
- Fáskrúðsfjörður
- Reyðarfjörður
- Eskifjörður
- Neskaupstaður og
- Mjóifjörður.

Íbúar í Fjarðabyggð voru 5.163 1. janúar 2024.

Fjarðabyggð tók í apríl 2021 upp breytt fyrirkomulag á sorphirðu og sorpförgun. Sveitarfélagið ákvað þegar eldri samningur um sorphirðu var laus að skipta verkefninu upp í fjóra verkhluta í stað þess að hafa verkefnið allt í einni heild. Það var gert bæði til auka sýnileika og til að gefa fleiri fyrirtækjum tækifæri til að bjóða í.

Núverandi skipting er því eftirfarandi:

1. Söfnun úrgangs frá heimilum og stofnunum Fjarðabyggðar
2. Flutningur lífræns úrgangs í moltugerð
3. Leiga á gámum á gámastöð, flutningur úrgangs af söfnunarstöð/móttökustöð
4. Móttaka á efnum til endurvinnslu

Fyrsta verkhlutann sér Kubbur ehf um:

Kubbur ehf sér um sorphirðu frá öllum heimilum í Fjarðabyggð, stofnunum Fjarðabyggðar og stofnunum sem hafa kaffistofutunnur. Um er að ræða 3ja tunnu kerfi, þ.e. tunna fyrir almennan úrgang, tunna fyrir endurvinnsluefni og tunna fyrir lífrænan úrgang. Úrgangurinn sem safnast er síðan fluttur á viðeigandi staði þ.e. almennur úrgangur í urðun, endurvinnanlegur til Terra og lífrænn úrgang til Reyðarfjarðar. Dreifbýli í Fjarðabyggð fylgir þéttbýlinu í öllu nema þar er ekki lífræn tunna. Ekki var almennur áhugi fyrir slíku í dreifbýlinu.

Annan verkhlutann sér Hringrás ehf um:

Hringrás ehf sér um akstur á lífrænum úrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélagsins til moltugerðar hjá Moltu ehf á Akureyri.

Þriðja verkhlutann sér fyrir tækið GS lausnir ehf um.

GS lausnir sjá um þjónustu við söfnunarstöðvar Fjarðabyggðar. Í því felst leiga á gámum fyrir allar söfnunar- og móttökustöðvar ásamt losun á gámum á svæðinu.

Fjórða verkhlutann sér svo Terra ehf um.

Terra umhverfisþjónusta sér um móttöku á endurvinnsluefnum úr grænu tunnunni og flokkun þeirra.

Fjarðabyggð tók sjálf yfir rekstur á móttökustöðvum og á urðunarstaðnum á Þernunesi þegar síðasti samningur rann út.

Í Fjarðabyggð eru 6 móttökustöðvar sem eru allar á afgirtu svæði og með fastan opnunartíma. Á Breiðdalsvík er hins vegar ekki afmörkuð móttökustöð en íbúar þar hafa aðgang að helstu gámategundum allan sólarhringinn.

Í Fjarðabyggð er sem fyrr segir urðunarstaður í landi Þernuness við utanverðan Reyðarfjörð. Núverandi starfsleyfi á Þernunesi er fyrir 3.000 tonn á ári og gildir til 6. febrúar 2036.

Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Innan Fjarðabyggðar eru a.m.k. 9 þekktar miltisbrandsgrafir og eru þær grafir merktar inn á kortasjá Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg. Jafnframt eru þær listaðar upp í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 undir kaflanum Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir. Um er að ræða eftirfarandi staði: í Brekku í Mjóafirði, við Hólmaháls, Hólma og Berunes í Reyðarfirði, við Dali og Dali II, Hólagerði, Skálavík og Steinatök í Fáskrúðsfirði og við Júdasarbala í Neskaupstað.

Eftirfarandi riðugrafir eru þekktar innan Fjarðabyggðar: Í landi Skuggahlíðar í Norðfirði og við Selá, Höskuldsstaðasel, Heydalamela og Staðarborg í Breiðdal.

(Heimild kortasjá Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg og aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040).

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun úrgangs sem féll til í Fjarðabyggð 2023, skv. bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun. Taflan sýnir einnig stöðuna gagnvart lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs. Rétt er að taka fram að tölur frá álverinu á Reyðarfirði eru inni í tölunni fyrir rekstrarúrgang, enda þótt úrgangur þaðan komi að litlu leyti til kasta sveitarfélagsins.

Tafla 2. Úrgangstölfræði Fjarðabyggðar 2023.

Úrgangur í Fjarðabyggð 2023		63.610.480 kg
Heimilisúrgangur samtals	2.045.937	
- þar af endurunnið	321.110	15,70%
- þar af til orkunýtingar	227.225	11,11%
- þar af til fyllingar	0	0,00%
- þar af til annarrar endurnýtingar	3.232	0,16%
- þar af til brennslu (förgunar)	0	0,00%
- þar af til urðunar	1.494.370	73,04%
		100,00%
Byggingar- og niðurrifsúrgangur samtals	1.263.470	
- þar af til efnisendurnýtingar	4.180	0,33%
Jarðefni	0	
Annar rekstrarúrgangur samtals	60.301.073	
- þar af frá Alcoa (áætlað)	59.288.294	
- þar af frá öðrum en Alcoa (áætlað)	1.012.779	
Úrgangur samtals (til afstemmingar)	63.610.480	kg
- þar af frá Alcoa (áætlað)	59.288.294	
- þar af frá öðrum en Alcoa (áætlað)	4.322.186	

7.2 Meðhöndlun úrgangs í Fljótsdalshreppi:

Fljótsdalshreppur er hefðbundið landbúnaðarsvæði og afmarkast sveitarfélagið af innanverðan Fljótsdal. Íbúar í Fljótsdalshreppi voru 95 1. janúar 2024. Aðeins dreifbýli er í sveitarfélaginu eins og er, en til stendur að reisa byggðakjarna í landi Hamborgar.

Sorphirða í Fljótsdal

Sveitarfélagið er í samstarfi við Múlaþing um sorphirðuna og þar er því komið fjögurra tunnu kerfi. Hirðutiðnin er sú sama og í dreifbýli Múlaþings í framhaldi af Fellum og Völlum, sbr. sorphirðudagatal verktaka.

- Tunna fyrir almennan úrgang
- Tunna fyrir pappír og pappa
- Tunna fyrir plast
- Tunna fyrir lífrænan úrgang

Þar sem úrgangi úr Múlaþingi og Fljótsdalshreppi er safnað sameiginlega er erfitt að halda utanum magntölur fyrir hvort sveitarfélag um sig. Pappír/pappa og plasti er safnað í sitt hvort 660 l karið. Blönduðum úrgangi er safnað í hefðbundna 240 l tunnu og lífúrgangi í minnstu tunnuna, 120 l.

Lífúrgangur er fluttur til jarðgerðar til Moltu ehf. í Eyjafirði.

Gámasvæðið við Végarð

Gámasvæðið er aðeins ætlað íbúum sveitarfélagsins. Þar er tekið á móti eftirtöldu: Pappír/pappi, plast, gler, málmur/járn, spilliefni, rafgeymar, timbur og blandaður úrgangur. Svæðið er afgirt og lokað með lás. Dagsverk ehf. sér um leigu og losun á gámunum og eru þeir tæmdir eftir þörfum.

Úrgangur frá Fljótsdalshreppi sem fer til urðunar er urðaður á urðunarstaðnum á Tjarnarlandi.

Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Ein þekkt miltisbrandsgröf er í Fljótsdal og er hún í landi Skriðuklausturs. Þá er riðugröf á Valþjófsstað 1.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun úrgangs sem féll til í Fljótsdalshreppi 2023, skv. bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun. Taflan sýnir einnig stöðuna gagnvart lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs.

Tafla 3. Úrgangstölfræði Fljótsdalshrepps 2023.

Úrgangur í Fljótsdalshreppi 2023		7.366 kg
Heimilisúrgangur samtals	7.366	
- þar af endurunnið	7.366	100,00%
- þar af til orkunýtingar	0	0,00%
- þar af til fyllingar	0	0,00%
- þar af til annarrar endurnýtingar	0	0,00%
- þar af til brennslu (förgunar)	0	0,00%
- þar af til urðunar	0	0,00%
		100,00%
Byggingar- og niðurrifsúrgangur samtals	0	
- þar af til efnisendurnýtingar	0	
Jarðefni	0	
Annar rekstrarúrgangur samtals	0	
Úrgangur samtals (til afstemmingar)	7.366	kg

7.3 Meðhöndlun úrgangs í Múlaþingi:

Sveitarfélagið Múlaþing varð til árið 2020 við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Byggðakjarnar og þéttbýlisstaðir í Múlaþingi eru Borgarfjörður eystri, Djúpivogur, Seyðisfjörður, Fellabær og Egilsstaðir. Íbúar í Múlaþingi voru 5.177 þann 1. janúar 2024.

Sorphirða í Múlaþingi

Í Múlaþingi eru fjórir úrgangsflokkar hirtir frá hverju heimili, þ.e.:

- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Matarleifar
- Blandaður úrgangur

Sorphirða er við hvert íbúðarhús samkvæmt dagatali. Í dreifbýli er pappír og pappi almennt safnað í sitt hvort 660 l karið en íbúar hafa ákveðinn sveigjanleika í ílátastærðum við heimili.

Sveitarfélagið sér ekki um sorphirðu hjá fyrirtækjum og öðrum rekstraraðilum. Hins vegar er tekið á móti úrgangi frá þeim á söfnunarstöðvum og honum ráðstafað í viðurkennda farvegi. Gjaldskyldur úrgangur sem þangað berst er ýmist vigtaður eða metinn eftir rúmmáli og innheimt eftir magni (á staðnum eða fært í viðskiptareikning).

Lífúrgangur sem er safnað frá heimilum er fluttur til jarðgerðar til Moltu ehf. í Eyjafirði og er fullbúin molta flutt til baka og gerð aðgengileg fyrir íbúa.

Söfnunar- og grenndarstöðvar eru í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins þar sem tekið er á móti blönduðum úrgangi, timbri, brotajárni, málmum, bifreiðum, spilliefnum, rafgeymum, pappi og pappír, hjólbörðum, ísskápum, raftækjum, gleri, heyrúlluplasti og plastumbúðum.

Á söfnunarstöðinni á Egilsstöðum er síló sem er notað við losun blandaðs úrgangs úr sorphirðubílum, en sorpið er þá pressað í gáma og svo flutt á förgunarstað. Gjaldskyldur er allur úrgangur sem ýmist ber ekki úrvinnslugjald eða er fluttur til urðunar, til dæmis: blandaður úrgangur, grófur úrgangur, gífs, flísar og postulín, teppi og dýnur, kaðlar og bönd, og timbur, litað og ólitað.

Gjaldfrjáls er allur úrgangur sem ber úrvinnslugjald s.s. pappi og pappír, plastumbúðir, heyrúlluplast, málmar, glerumbúðir, hjólbörðar, rafhlöður og rafgeymar, raftæki og spilliefni. Verktaki eignast allan flokkaðan úrgang og kemur honum til viðeigandi meðhöndlunar.

Á Fljótsdalshéraði er sem fyrr segir urðunarstaður að Tjarnarlandi í Hjaltastaðarþinghá. Núverandi starfsleyfi fyrir Tjarnarland er fyrir 2.500 tonn á ári og gildir til 8. júlí 2031. Á Borgarfirði eystra er urðunarstaður við Brandsbala sem þjónustar samfélagið á Borgarfirði og er starfsleyfi þar fyrir 200 tonn á ári og gildir til 20. mars 2036.

- Kubbur ehf. sér um sorphirðu í þétt- og dreifbýli Múlaþings.
- Kubbur ehf. sér um rekstur söfnunarstöðva á Egilsstöðum og Seyðisfirði.
- Múlaþing sér um mönnun söfnunarstöðvar á Djúpavogi en Kubbur ehf. sinnir þjónustu við stöðina.
- Terra sækir endurunnin úrgang frá söfnunarstöðinni á Borgarfirði.

- Hringrás hefur sinnt söfnun á brotajárni í dreifbýli í sérstökum hreinsunarátökum.

Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Vitað eru um a.m.k. 16 miltisbrandsgrafir á Fljótshéraði og eru þær merktar á kortavef Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg. Um er að ræða grafir á eftirfarandi jörðum: Heiðarsel, Skeggjastaðir, Hofteigur, Víkingsstaðir, Jaðar, Ormarsstaðir, Ketilsstaðir, Keldhólar, Meðalnes, Refsmýri, Hlíðarsel, Ekkjufell, Hafrafell, Kross, Staffell og Sleðbrjótssel. Einnig eru þekktar þrjár grafir í fyrrum Djúpavogshreppi, þ.e. á Búlandsnesi, Teigahorni og á jörðinni Berufirði.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun úrgangs sem féll til í Múlaþingi 2023, skv. bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun. Taflan sýnir einnig stöðuna gagnvart lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs.

Tafla 4. Úrgangstölfræði Múlaþings 2023.

Úrgangur í Múlaþingi 2023	5.909.840	kg
Heimilisúrgangur samtals	3.520.929	
- þar af endurunnið	1.023.202	29,06%
- þar af til orkunýtingar	4.697	0,13%
- þar af til fyllingar	0	0,00%
- þar af til annarrar endurnýtingar	0	0,00%
- þar af til brennslu (förgunar)	0	0,00%
- þar af til urðunar	2.493.030	70,81%
		100,00%
Byggingar- og niðurrifsúrgangur samtals	0	
- þar af til efnisendurnýtingar	0	
Jarðefni	19.000	
Annar rekstrarúrgangur samtals	2.369.911	
Úrgangur samtals (til afstemmingar)	5.909.840	kg

7.4 Meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi:

Vopnafjarðarhreppur nær yfir sveitina og þéttbýlið við Vopnafjörð. Íbúar í Vopnafjarðarhreppi voru 650 1. janúar 2024.

Sveitarfélagið bauð út árið 2017 sorphirðu, flokkun, frágang og urðun í sveitarfélaginu, en þjónustunni hafði fram að því verið sinnt af þjónustumiðstöð sveitarfélagsins. Samið var við Steiney ehf til 10 ára (til 2027) og nær samningurinn yfir þéttbýlið á Vopnafirði, nokkrar stofnanir og fyrirtæki, auk dreifbýlis í sveitarfélaginu.

Þjónustuaðili gefur út sorphirðudagatal í lok árs fyrir sorphirðu næsta árs. Í útboðinu voru 257 söfnunarstaðir í þéttbýli og 62 söfnunarstaðir í dreifbýli og væntanlega hafa ekki orðið verulegar breytingar á þeim fjölda til dagsins í dag.

Það sorphirðufyrirkomulag sem nú er í gildi á Vopnafirði er svokallað einnar tunnu kerfi sem var innleitt árið 2011. Við þá innleiðingu varð sú breyting á að heimili og fyrirtæki eiga að flokka endurvinnanlegan úrgang og skila á móttökustöð. Sveitarfélagið rekur gámaport við Safnstöð sveitarfélagsins en þar eru gámar m.a. fyrir timbur, járn og blandaðan úrgang sem fer til urðunar. Jafnframt er á Safnstöðinni tekið á móti spilliefnum og rafmagnstækjum. Safnstöðin er með fastan opnunartíma en því til viðbótar eru þar flokkunarlúgur og er það eini flokkunarstaðurinn í sveitarfélaginu. Þar er flokkað í eftirtalda flokka: Bylgjupappi, málmar, sléttur pappi/fernur, hart plast, mjúkt plast, dagblöð og tímarit, gler, rafhlöður og kerti. Aðgangur að flokkunarlúgunum á Safnstöð er allan sólarhringinn og því geta íbúar ávallt nýtt sér þjónustuna.

Fyrirtækið Steiney sér um alla þjónustupætti í úrgangsmálum á Vopnafirði, þ.e. sorphirðu, móttöku úrgangs í gámaporti og safnstöð, ásamt því að sjá um urðunarstaðinn við Búðaröxl.

Urðunarstaður Vopnafjarðarhrepps er við Búðaröxl sem er rétt fyrir innan þéttbýlið á Vopnafirði. Núverandi starfsleyfi er fyrir 1.000 tonn á ári og gildir til 16. desember 2031.

Förgunarstaðir og mengaður jarðvegur

Í Vopnafirði eru a.m.k. fimm þekktar miltisbrandsgrafir og eru þær skráðar inná kortasjá Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg. Þetta eru grafir á jörðunum Hauksstöðum, Hofi, Hrappsstöðum, Engihlíð og Svínabökkum. Í kortasjánni er einnig einn aflagður urðunarstaður norðan við núverandi urðunarsvæði, þar sem sagt er að olútunnur hafi verið grafnar.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir magn og ráðstöfun úrgangs sem féll til í Vopnafjarðarhreppi 2023, skv. bráðabirgðaupplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun. Taflan sýnir einnig stöðuna gagnvart lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs.

Tafla 5. Úrgangstölfræði Vopnafjarðarhrepps 2023.

Úrgangur í Vopnafjarðarhreppi 2023	878.495	kg
Heimilisúrgangur samtals	323.879	
- þar af endurunnið	66.939	20,67%
- þar af til orkunýtingar	0	0,00%
- þar af til fyllingar	0	0,00%
- þar af til annarrar endurnýtingar	0	0,00%
- þar af til brennslu (förgunar)	0	0,00%
- þar af til urðunar	256.940	79,33%
		100,00%
Byggingar- og niðurrifsúrgangur samtals	0	
- þar af til efnisendurnýtingar	0	
Jarðefni	0	
Annar rekstrarúrgangur samtals	554.616	
Úrgangur samtals (til afstemmingar)	878.495	kg

8. Hvað þarfnast úrbóta?

Þessi kafli hefur að geyma yfirlit yfir helstu áskoranir sem blasa við í úrgangsmálum á Austurlandi í ljósi þess sem fram hefur komið í köflunum hér að framan um núverandi stöðu, um ákvæði laga og reglugerða um meðhöndlun úrgangs og um aðra stefnumótun stjórnvalda. Aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar (kafli 3) byggir á þessu yfirliti og lýsir því hvernig sveitarfélögin hyggjast mæta þessum áskorunum.

1. Fyrirkomulagi söfnunar er ábótavant

Söfnun úrgangs er ekki að öllu leyti í samræmi við nýleg lagaákvæði. Söfnun lífúrgangs er ekki hafin alls staðar og enn er plasti og pappír safnað í sama ílát í einhverjum tilvikum. Þá er ekki alls staðar aðstaða til sérsöfnunar á glerumbúðum, málmumbúðum og textíl. Þörf er á að koma söfnun í betra horf, annars vegar með úrbótum í söfnun frá heimilum og hins vegar með fjölgun grenndarstöðva.

2. Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs er aðeins um 24%

Ná þarf markmiðum um 55% endurvinnsluhlutfall 2025, 60% 2030 og 65% 2035. Þess er að vænta að endurvinnsluhlutfall hækki með bættri sérsöfnun, en frekari aðgerða er líklega þörf til að ná lögbundnum markmiðum.

3. Um 72% af öllum heimilisúrgangi eru urðuð

Ná þarf markmiði um að árið 2035 verði í mesta lagi 10% af þeim heimilisúrgangi sem til fellur send til urðunar. Þess er að vænta að urðunarhlutfall lækki með bættri sérsöfnun, en frekari aðgerða er líklega þörf til að ná markmiðinu. Þegar allra leiða hefur verið leitað til að auka endurvinnslu er líklegt að senda þurfi blandaðan úrgang til miðlægrar orkuvinnslu innanlands eða utan. Til greina kemur að kanna möguleika á uppsetningu sorporkuvers á Austurlandi.

4. Farvegir fyrir textílúrgang eru óljósir

Óvissa ríkir um ráðstöfunarleiðir fyrir textílúrgang, jafnt á Austurlandi sem í öðrum landshlutum.

5. Samþykktum um meðhöndlun úrgangs er að einhverju leyti ábótavant

Þörf er á að endurskoða samþykktir þannig að þær endurspegli sem best nýlegar lagakröfur. Í samþykktum gætu m.a. verið ákvæði um skyldu lögaðila til að flokka úrgang með ákveðnum hætti, sérstök ákvæði um flokkun og móttöku byggingar- og niðurrifsúrgangs, ákvæði um flokkunarskyldu almennt, um heimajarðgerð, um viðurlög við rangri flokkun og um gjalddöku í anda BÞHE (Borgað þegar hent er).

6. Gjaldskrár taka aðeins að hluta mið af BÞHE

Þörf er á að endurskoða gjaldskrár sveitarfélaganna fyrir meðhöndlun úrgangs, þannig að þær taki fullt mið af meginreglunni um BÞHE (Borgað þegar hent er), bæði á móttökustöðvum og vegna sorphirðu. Auka þarf vægi breytilegra gjalda og lækka hlutfalli fastra gjalda pr. fasteignaeiningu.

7. Sorpgjöld standa ekki undir kostnaði við málaflokkinn

Hækka þarf sorpgjöld þannig að þau standi undir kostnaði við málaflokkinn.

8. Sveitarfélögin eru í erfiðri samningsstöðu gagnvart verktökum

Hugsanlega er ástæða til að skoða kosti sameiginlegra eða samræmdra útboða eða jafnvel annars fyrirkomulags með beinni þátttöku sveitarfélaganna, t.d. mögulega stofnun sér félags eða byggðasamlags um fleiri eða færri þætti úrgangsmála.

9. Kostnaður við sérstaka söfnun er hár

Hugsanlega er raunhæft að fækka söfnunarferðum úr því að vera á tveggja og fjögurra vikna

10. Garðaúrgangi er ekki safnað

Lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst lífúrgangur (og þar með heimilisúrgangur) skv. skilgreiningu laga og slíkum úrgangi er skylt að safna sérstaklega. Ekki er þó nauðsynlegt að safna garðaúrgangi innan lóðar, enda sé honum þá safnað á móttökustöð. Árangur söfnunarinnar (og úrvinnslunnar) hefur áhrif á endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Þörf er á úrbótum hvað þetta varðar.

11. Seyra er urðuð

Ástæða er til að skoða möguleika á að nýta seyru til landgræðslu, t.d. að undangenginni kölkun samanber fordæmi Hrunamannahrepps og annarra sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu.

12. Starfsleyfi urðunarstaða renna út 2031-2036

Ræða þarf framtíð urðunarstaðanna eftir að núgildandi starfsleyfi renna út, t.d. með það í huga hvort raunhæft sé að breyta þeim í staði fyrir óvirkan úrgang eingöngu.

13. Upplýsingar vantar á vefsíður

Uppfæra þarf vefsíður sveitarfélaganna þannig að þar sé að finna ítarlegri upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði.

14. Auka mætti úrgangsforvarnir

Ástæða er til að skoða möguleika á uppbyggingu innviða á borð við efnislagera, viðhaldssmiðjur og nytjamarkaði.

9. Viðauki B – Umhverfismatsskýrsla

8.2 Samantekt umhverfismats

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Umhverfismatið var unnið samhliða áætlunargerðinni. Haft var samráð við Skipulagsstofnun í desember 2024 varðandi umfang og nákvæmni matsins.

Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísi í úrgangsmálum. Í umhverfismati svæðisáætlunar er því hvorki þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Auk þess hefur Umhverfis- og orkustofnun eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um. Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér tiltekna áhættuþætti sem tilgreindir eru í þessu umhverfismati. Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er þó ekki fjallað sérstaklega um hvern þátt um sig í umhverfismatinu, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva.

Samanburður svæðisáætlunarinnar við helstu áætlanir sem í gildi eru og skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum á Austurlandi, bendir til að markmið áætlunarinnar séu öll í góðu samræmi við þær áætlanir sem teknar voru til skoðunar í umhverfismatinu. Um var að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044
- Aðalskipulagsáætlanir Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlapings og Vopnafjarðarhrepps
- Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Í umhverfismatinu var ekki gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, svo áætlunarleysi er ekki raunhæfur kostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur.

Í svæðisáætluninni er að finna áform um uppbyggingu tiltekinna innviða, en í öllum tilvikum er gert ráð fyrir nánari greiningum áður en endanleg ákvörðun er tekin. Um eftirtalda innviði er að ræða:

- Innviðir til úrgangsforvarna
- Grenndarstöðvar
- Aðstaða til meðhöndlunar seyrur

Þar sem svæðisáætlunin felur ekki í sér beinar ákvarðanir um uppbyggingu innviða er ekki mögulegt að leggja nákvæmt mat á einstaka valkosti í þeim efnum. Í umhverfismatinu er því aðeins lagt lauslega mat á líkleg áhrif breyttra innviða. Greiningar sem lagðar verða til grundvallar

ákvarðanatöku um uppbyggingu innviða fela í sér nánari samanburð valkosta. Það lauslega mat sem hér um ræðir bendir þó í öllu falli til að uppbyggingaráformin sem kynnt eru í svæðisáætluninni séu til þess fallin að bæta auðlindanýtingu, draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Öll miða þessi áform að því að færa meðhöndlun úrgangs á Austurlandi nær hugmyndafræði hringrásarhagkerfis, auk þess sem leitast er við að draga úr þörf fyrir flutninga og stuðla að atvinnuuppbyggingu í heimabyggð.

8.3 Matsskylda

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs markar stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1.viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Svæðisáætlun er unnin samkvæmt lögum og er afgreidd af sveitarstjórn og fellur þar með undir ákvæði laga nr. 111/2021.

8.4 Aðferðir

Umhverfismat svæðisáætlunarinnar sem hér um ræðir var unnið samhliða áætlunargerðinni. Stærstur hluti matsvinnunnar fór fram þegar stefna áætlunarinnar hafði verið mótuð, enda þá fyrst hægt að bera merkmið og stefnu saman við aðrar áætlanir eða önnur viðmið. Haft var samráð við Skipulagsstofnun varðandi umfang og nákvæmni matsins, sbr. 5. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021.

Umhverfismatsskýrsla svæðisáætlunarinnar er hluti af sjálfri áætluninni og verður kynnt með þeim hætti sem kveðið er á um í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum og í samræmi við 15.gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Það felur í sér að tillaga að svæðisáætlun ásamt umhverfismatsskýrslu, verður auglýst í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tæki til að gera athugasemdir við hana.

Að kynningu lokinni verður gengið frá svæðisáætluninni í heild sinni að teknu tilliti til athugasemda sem birst hafa við tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og hún síðan lögð fyrir sveitarstjórnir til staðfestingar. Staðfest áætlun verður gerð aðgengileg almenningi eins og kveðið er á um í lögum nr. 55/2003 og lögum nr. 111/2021.

8.5 Sérstaða svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs

Svæðisáætlanir hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísi í úrgangsmálum. Þetta er tiltekið sérstaklega í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, þar sem segir að svæðisáætlun skuli „*fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Þá skal áætlunin taka mið af lögum og „*reglugerðum settur samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu*“. Í 6. gr. laganna er einnig tiltekið að í áætluninni skuli koma fram „*hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“.

Af framangreindu leiðir að í umhverfismat svæðisáætlunar ætti hvorki að vera þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Í þessu sambandi má nefna að skv. gr. 6a í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, hefur Umhverfis- og orkustofnun „eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir skv. 6. gr. og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um“.

Þrátt fyrir að svæðisáætlanir marki stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021, eru svæðisáætlanir ekki forsenda leyfisveitinga. Með öðrum orðum er hægt að gefa út leyfi, t.d. byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi, án þess að svæðisáætlun liggi fyrir. Eins er heimilt að gefa út leyfi til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir ekki ráð fyrir að ráðist verði í, eða jafnvel til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir beinlínis ráð fyrir að ekki verði ráðist í.

Þegar um er að ræða leyfi til framkvæmda vegna meðhöndlunar úrgangs, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva, eru leyfisveitingar fyrst og fremst háðar því að framkvæmdin samrýmist gildandi skipulagsáætlunum og að fyrir liggi skýrsla um umhverfismat framkvæmdarinnar, þ.e. ef framkvæmdin telst matsskyld m.t.t. 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu viðkomandi framkvæmdar er væntanlega fjallað sérstaklega um það hvort framkvæmdin sé í samræmi við svæðisáætlun.

8.6 Áhættuþættir úrgangsmeðhöndlunar

Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér eftirtalda áhættuþætti öðrum fremur:

1. Áhrif á vatn og jarðveg
2. Fok úrgangs
3. Áhrif á fugla
4. Fjölgun meindýra
5. Áhrif á loftgæði
6. Gróðurhúsaáhrif
7. Hávaði og umferð
8. Áhrif á landslag og sjónræna þætti
9. Áhrif á samfélag og atvinnulíf

Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er ekki fjallað sérstaklega um hvern ofangreindra þátt í umhverfismati svæðisáætlunarinnar, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva.

8.7 Meginatriði umhverfismatsins

Í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er alla jafna ekki þörf á að fjalla sérstaklega um tengsl áætlunarinnar við aðra áætlanagerð á sviði úrgangsmála, sbr. skýringar hér að framan. Hins vegar er mikilvægt að umhverfismatið fjalli um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra. Í þessu tilviki er einkum um að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044
- Aðalskipulagsáætlanir Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps
- Aðgerðáætlun í loftlagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Samanburður við þær áætlanir og stefnur sem taldar eru upp hér að framan mynda kjarnann í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi. Í umhverfismatinu er einnig fjallað um raunhæfa valkosti við áætlunina, að því marki sem eðli svæðisáætlunarinnar gefur tilefni til. Ekki er þó gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, sem þýðir að áætlunarleysi er ekki raunhæfur valkostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur. Í umhverfismatinu er einnig lýsing á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.

8.8 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirfarandi tafla sýnir tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir sem skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum á Austurlandi og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra. Í töflunni eru einungis tilgreindar þær áætlanir sem voru í gildi 15.desember 2024. Ekki er fjallað um tengsl við þær skipulagsáætlanir sveitarfélaga sem voru útrunnar á þeim tíma.

Tafla 6: Tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir

Stefna/Samþykkt	Snertifletir	Samræmi
Landsskipulagsstefna 2015-2026	Áhersla B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis 1. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi i dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. 2. Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs. 5. Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi. 6. Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmörkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og	Svæðisáætlun stuðlar að því að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir varðandi úrgangsmeðhöndlun og að umhverfisvænar lausnir verði nýttar varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, auk þess sem hún stuðlar að bættri nýtingu auðlinda með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið. Svæðisáætlun er einnig þannig upp byggð að hún nýtist við gerð skipulagsáætlana.

	endurnýtingu með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið.	
Svæðisskiplag Austurlands 2022-2040	D. Stefna um loftlagsmál. D.1 Kolefnishlutleysi náist sem fyrst á sem flestum sviðum umhverfis, atvinnulífs og samfélags. Unnið verði að því að auka endurvinnslu og endurnýtingu og draga úr urðun úrgangs, einkum lífræns.	Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.
Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (drög)	Skoða tilvísanir í sorp og meðhöndlun úrgangs.	Nýtt aðalskipulag er í vinnslu.
Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040	4.11.2 Ábyrg förgun úrgangs í samræmi við gott verklag verði auðveld og aðgengileg. Leitast skal við að draga úr magni úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Haldið skal yfirlit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem urðaður hefur verið sláturúrgangur og fé vegna riðuniðurskurðar. Það skal m.a. haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.	Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.
Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030	2.3.6 Úrgangsstjórnun Fyrirkomulag úrgangstjórnunar í Fljótsdalshreppi er þannig að flokkun fer fram á heimilissorpi, almennu sorpi í flokkanlegt og lífrænt sorp. Lífrænt sorp er ekki sótt heldur er heimilum lagðar til sérstakar tunnur fyrir þann úrgang. Öðrum úrgangi er safnað og ýmist urðaður á viðurkenndum urðunarstöðum eða fer í endurvinnslu. Þetta á við um heimili sem greiða sorpgjald.	Svæðisáætlun samrýmist þessu.
Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2025-2040 (í vinnslu)	Í Vopnafirði er allur úrgangur flokkaður en hluti er urðaður á Búðaröxl, vestanmegin við Kolbeinstanga. Gera má ráð fyrir að svæðið verði fullnýtt fyrir lok gildistíma núverandi aðalskipulags þ.e. lok árs 2026. Farið verður yfir núverandi fyrirkomulag urðunar og endurvinnslu úrgangs sem fellur til innan sveitarfélagsins.	Nýtt aðalskipulag er í vinnslu.
Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum	Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum var gefin út í nóvember 2024.	Í svæðisáætlun er megináhersla lögð á bættu nýtingu auðlinda, m.a. með því að draga úr magni úrgangs til urðunar. Með því er komið í veg fyrir stærstan hluta af þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem stafar af meðhöndlun úrgangs. Á móti kemur að losun frá jarðgerð kann að aukast vegna aukinnar nýtingar lífrænna

		efna. Losun frá jarðgerð er þó aðeins hluti af losun frá urðun. Í svæðisáætlun er einnig leitast við að draga úr flutningum með úrgang og þar með að stuðla að samdrætti í losun.
Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029	Að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Svæðisáætlun styður við þetta markmið, einkum með áherslu á minnkandi urðun en einnig með viðleitni til að draga úr flutningum með úrgang. Þessir tveir þættir eru þeir þættir úrgangsmeðhöndlunar sem líklegastir eru til að hafa neikvæð áhrif á loftgæði. Svæðisáætlun miðar einnig að því að koma í veg fyrir óleyfilega úrgangslosun við ófullnægjandi aðstæður, en slík losun getur einnig haft neikvæð áhrif á loftgæði.
Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036)	B.3. Efling nýsköpunar í byggðum landsins	Í svæðisáætlun er lögð áhersla á að vinna sem mest úr úrgangi í námunda við upprunastað. Þetta felur í sér tækifæri til nýsköpunar.
	C8. Sjálfbær samfélög – efling hringrásarhagkerfis Markmið: Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun úrgangs, unnið að kolefnishlutleysi Íslands og dregið úr myndun úrgangs. Enn fremur endurvinnsla og önnur endurnýting verði aukin, dregið úr urðun og urðun lífbrjótanlegs úrgangs hætt.	Í svæðisáætlun er lögð áhersla á að draga úr magni úrgangs til urðunar og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá eru úrgangsforvarnir, sérsöfnun og aukin endurvinnsla úrgangs frá heimilum, stofnunum og fyrirtækjum grundvallaratriði í áætluninni. Þar er einnig gert ráð fyrir að urðun lífbrjótanlegs úrgangs verði hætt.
	Stuðlað að meiri samræmingu á landsvísi í úrgangsmálum. Horft verði til þess að sveitarfélög nýti svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem stjórnæki og að þau samþætti viðeigandi stefnumörkun og áætlanir til að efla hringrásarhagkerfið, bæti auðlindanýtingu og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu. Áætlunin er auk heldur unnin sameiginlega af 4 sveitarfélögum, sem er stórt skref til samræmingar.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	11. Sjálfbærar borgir og samfélög 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.	Svæðisáætlun stuðlar að því að þetta markmið náist.
	12. Sjálfbær neysla og framleiðsla 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð. 12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar	Svæðisáætlun stuðlar að því að þessi markmið náist.

	rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið. 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.	
	13. Aðgerðir í loftlagsmálum 13.2 Ráðstafanir vegna loftlagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	Svæðisáætlun stuðlar að þessu með því að skilgreina aðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, einkum með samdrætti í urðun úrgangs.
	14. Líf í vatni 14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.	Svæðisáætlun stuðlar að þessu með áherslu á aðgerðir til að minnka rusl á víðavangi.
	15. Líf á landi 15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.	Svæðisáætlun stuðlar að þessu með áherslu á aðgerðir til að bæta nýtingu lífræns úrgangs. Slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að bæta aðgengi að jarðvegsbæti sem nýtist m.a. til að sporna gegn eyðimerkurmyndun innanlands og við endurheimt hnignandi lands og jarðvegs.

8.9 Samanburður valkosta

8.9.1 Innviðir til úrgangsforvarna

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 5) er gert ráð fyrir stuðningi við úrgangsforvarnir, svo sem efnislagera, nytjamarkaði og viðhaldssmiðjur. Með þessu er stuðlað að betri nýtingu auðlinda og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem aðgerðir er til þess fallin að draga úr þörf fyrir framleiðslu og innkaup á nýju efni og nýjum vörum. Rekstur innviðanna sem um ræðir er sömuleiðis til þess falinn að ýta undir meðvitund fólks um mikilvægi úrgangsforvarna, bæði frá umhverfislegu og efnahagslegu sjónarmiði, auk þess að geta verið mikilvægt fordæmi fyrir sambærilega uppbyggingu á öðrum landssvæðum.

8.9.2 Heimajarðgerð

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 8) er gert ráð fyrir greiningu á möguleikum sveitarfélaga til að stuðla að aukinni heimajarðgerð, þ.m.t. með ákvæðum í samþykktum um meðhöndlun úrgangs og með sveigjanleika í gjaldskrá og/eða beinum styrkjum. Ef þessi aðgerð leiðir til aukinnar útbreiðslu heimajarðgerðar er hún til þess fallin að draga úr flutningsþörf, bæði vegna flutninga á úrgangi og á aðföngum til garðræktar o.fl. Með því er stuðlað að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, auk þess sem þörf fyrir framleiðslu á tilbúnum áburði minnkar, en framleiðsla slíks áburðar á sinn þátt í

loftlagsvandannum og ágengni á tiltækar fosfórbirgðir jarðar. Heimajarðgerð er einnig til þess fallin að auka vitund fólks um tengsl þess við náttúruna og mikilvægi daglegra neysluháttanna.

8.9.3 Grenndarstöðvar

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 9) er gert ráð fyrir fjölgun grenndarstöðvar til söfnunar á a.m.k. glerumbúðum, málmum og textíl. Þessi aðgerð er til þess fallin að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem liggja í þessum úrgangsflokkum. Aðgerð 10 um bætt meðhöndlun textílefna styrkir þetta enn frekar.

8.9.4 Meðhöndlun seyrur

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 13) er gert ráð fyrir því að gerð verði greining á möguleikum á uppbyggingu stöðvar á Austurlandi fyrir móttöku og endurnýtingu seyrur. Með því móti er stuðlað að því að seyrann nýtist til landgræðslu eða á annan hátt í stað þess að henni sé fargað í gryfjum eða með öðrum hætti. Ljóst er að bætt nýting seyrur sem fellur til á Austurlandi er liður í bættri nýtingu auðlinda á svæðinu og því mjög í anda hringrásarhagkerfisins og í samræmi við markmið laga og stefnumótunar á landsvísi um meðhöndlun úrgangs. Ákvörðun í þessum efnum þarf að byggja á nánari greiningu valkosta en hægt er að gera í umhverfismati svæðisáætlunar.

8.9.5 Sorporkuver

Í svæðisáætluninni (Aðgerð 14) er gert ráð fyrir því að gerð verði ítarleg greining á möguleikum á uppbyggingu sorporkuvers á Austurlandi fyrir úrgang sem þar fellur til og ekki tekst að koma til endurvinnslu. Með því væri unnt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangsmeðhöndlunar, þar sem brennsla hefur alla jafna mun lægra kolefnisspor en urðun. Jafnframt væri dregið úr losun vegna flutninga úrgangs og stuðlað að auknu framboði orku og auknu orkuöryggi í landshlutanum. Með greiningu af þessu tagi fæst skýrari mynd en nú liggur fyrir af hagkvæmni þess að reisa litlar svæðisbundnar stöðvar af þessu tagi, borið saman við eina slíka stöð fyrir landið allt, eða jafnvel útflutning til brennslu.

8.9.6 Niðurstöður umhverfismats valkosta

Eins og fram kemur hér að framan og lesa má úr stefnukafla svæðisáætlunarinnar (sjá kafla 2) hafa ekki verið teknar ákvarðanir um tiltekna uppbyggingu innviða eða aðrar framkvæmdir í framhaldi af svæðisáætluninni. Í þessu umhverfismati er því ekki mögulegt að leggja nákvæmt mat á einstaka valkosti í þessum efnum, heldur er hér aðeins fjallað almennt um líkleg áhrif breyttra innviða. Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir frekari greiningum sem lagðar verði til grundvallar uppbyggingu. Þessar greiningar fela í reynd í sér nánari samanburð valkosta frá fjárhagslegu og umhverfislegu sjónarmiði, þ.m.t. m.t.t. kolefnisspors, líffræðilegrar fjölbreytni og mengunarhættu, sbr. upptalningu áhættupátta í kafla 9.5. Þegar kemur að uppbyggingunni sjálfri þarf síðan að ráðast í nákvæmara mat, einkum í þeim tilvikum þar sem uppbyggingin felur í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

8.9.7 Vöktun

Gert er ráð fyrir að Austurbrú annist vöktun og eftirlit með framkvæmd svæðisáætlunarinnar fyrir hönd SSA. Vöktunin verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar, þar sem fylgst verður með að verkefnum á aðgerðaáætlun ljúki á tilsettum tíma og að þau skili tilsettum árangri eða afurð.

Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verður nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu. Þetta fyrirkomulag er þó háð formlegri ákvörðun sveitarstjórnanna á svæðinu hvað varðar verkaskiptingu, fjármögnun og skiptingu kostnaðar.

Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar sem hlut eiga að máli meti og taki ákvörðun eigi sjaldnar en á sex ára fresti um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlunina, enda er svo fyrir mælt í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Þessu atriði verður fylgt eftir með sama hætti og aðgerðum í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar. Fyrsta ákvörðunin af þessu tagi þarf samkvæmt þessu að liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2030. Í svæðisáætluninni kemur þó fram að miklar breytingar geti orðið á forsendum á sex ára tímabili og því sé æskilegt að þörfin fyrir endurskoðun sé rædd árlega eða annað hvort ár.

Ákvörðun sveitarstjórna um þörfina fyrir endurskoðun samkvæmt framanskraðu mun m.a. byggja á samantekt sem gerð verður á árangri áætlunarinnar. Í þessari samantekt munu koma fram helstu magntölur, yfirlit yfir framvindu aðgerða, samanburður árangurs við markmið áætlunarinnar og spá um líklega framtíðarþróun á næstu árum. Í þessari samantekt felst í raun vöktun á því hvort markmið hafi náðst

8.9.8 Kynning og samráð

Í samræmi við 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, verður tillaga að svæðisáætluninni ásamt umhverfismatsskýrslu send til Umhverfis- og orkustofnunar, Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þá verður tillagan gerð aðgengileg á netinu. Almennings- og umsagnaraðilum verður gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum.

Við endanlegan frágang svæðisáætlunarinnar verður unnin samantekt á umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma og gerð grein fyrir hvernig tekið var tillit til þeirra í lokaútgáfu áætlunarinnar, (sjá kafla 9.8.9).

8.9.9 Athugasemdir og viðbrögð

Verður skrifað að loknu samráðsferli.

Umsagnaraðili	Málefni	Efni	Viðbrögð og röksemdir
xxx			

8.9.10 Samþykkt áætlunar

Svæðisáætlunin verður lögð fyrir allar sveitarstjórnir Austurlands til samþykktar að loknum kynningartíma og úrvinnslu úr athugasemdum og viðbrögðum. Áætlunin öðlast gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt hana. Að því loknu verða samráðsaðilar upplýstir um samþykkt áætlunar og endanleg áætlun verður gerð aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaga og Austurbrúar.

10.Heimildir og gögn:

Austurland. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.

Skýrsla um úrgangsmál á Austurlandi 2008.

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Austurland. Greinargerð vegna svæðisáætlunar. Samtaka um hringrásarhagkerfi.

Svæðisáætlunir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku. 2022

Austurbrú - Niðurstaða spurningakönnunnar desember 2022

Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum

Minnisblað um ráðstöfun dýraleifa, þ.m.t. um ábyrgð sveitarstjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir

Umhverfis- og orkustofnun kortasjá um mengaðan jarðveg

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040

(Helgi Þór Ingason (ritstj.), (2021): *Forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar*. Desember 2021.

<https://sorpa.dccweb.net/media/2/sorpbrennslustod.pdf>.)